



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1709
komudagur 13.4.2012

Fljótsdalshéraði, 12. apríl 2012
nr. erindis 201203127 SSB

Á 205. fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 11. apríl. 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Þingsályktunartillögur um heilbrigðisþjónustu, til umsagnar

Eftirfarandi fært til bókar:

Lagður fram tölvupóstur frá Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur ritara nefndarsviðs Alþingis, dags. 26. mars með beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð 120.mál og tölvupóstur frá Kristjönu Benediktsdóttur nefndarsviði Alþingis, dags. 27. mars, með beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220 mál.

Varðandi tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð 120 mál, lýsir bæjarráð yfir stuðningi við tillöguna og fagnar því að stjórnendur heilbrigðisþjónustu í héraði og heimamenn, fái þar meira að koma að skipulagi og ákvarðanatöku, skv. tillögunni.

Tillaga til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220. mál.

Bæjarráð leggur áherslu á að áður en til þessarar tilfærslu kemur, verði búið að ganga fyllilega frá yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu á að þegar og ef að yfirfærslunni kemur liggi fyrir vandað kostnaðarmat og tímasetningar. Einnig að fullt samráð verði haft við sveitarfélög um málið frá upphafi til enda.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason
skrifstofustjóri